



Árnesi, 7.3.2024

Fundanúmer í WorkPoint : F202403-0009

1. Framkvæmdanefnd

Fundartími: 08:30 – 09:30

Boðaðir: Gunnar Örn Marteinnsson; EXT Lilja Loftsdóttir

Fundarstjóri: Haraldur Þór Jónsson

Ritari: Haraldur Þór Jónsson

Fjarverandi:

Varamenn:

Gestir: Vilborg Ástráðsdóttir

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Skipting verkefna nefndarmanna

- -

Lagt til að Haraldur Þór Jónsson verði formaður nefndarinnar og riti fundargerð.

Samþykkt samhljóða.

2. Erindisbréf framkvæmdanefndar

M202403-0033 - Erindisbréf um Framkvæmdanefnd -

Erindisbréf framkvæmdarnefndar lagt fram til staðfestingar.

Samþykkt samhljóða.

3. Farið yfir stöðuna á vinnu nefndarinnar sem er framundan

- -

Farið yfir þá undirbúningsvinnu sem hefur átt sér stað síðustu mánuði og verkefni framundan.

Í samráði við starfsfólk Þjórskóla er búið að hanna innra skipulag Þjórskóla og framundan er að fullklára útfærslu á breytingum á skólanum.

Búið er að semja við fyrirtækið Envalys um þróun skipulags í Árnesi og er búið að hanna Árnes inn í þrívíddarlíkan með öllum þeim húsum sem eru þar í dag. Líkanið mun gera okkur kleift að setja inn nýjar byggingar og sjá hvar þær henta best í umhverfinu.

Þarfagreining á verknámshúsi er í gangi og eru fyrstu drög að grunnteikningu komin fram.

Búið er að velta ýmsum hugmyndum fram varðandi útfærslur á íþróttahúsi sem vinna þarf áfram og fara í nánari þarfagreiningu er varðar stað húsnæðisins og þann aðbúnað sem þarf að vera.

Mikil vinna framundan og fara þarf í skoðanaferðir í íþróttahús til að notast við reynslu á nú þegar byggðum íþróttamiðstöðvum.

Ákveðið hefur verið að halda íbúafund laugardaginn 16. mars kl. 10:30-12:30 þar sem kynnt verður staðan á vinnunni ásamt því að íbúar geti tekið þátt í þróuninni og komið sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss - sími: 486 6100 - kt. 540602-4410 - skeidgnup@skeidgnup.is - www.skeidgnup.is

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 12. Mars kl. 15:30

Deir fulltrúar sem voru á fundinum staðfesta fundargerðina með rafrænni undirritun.

Rafræn undirritun eftirfarandi fulltrúa í stjórn staðfestir að viðkomandi var ekki á fundinum en hefur kynnt sér fundargerðina:

Undirritunarsíða

Gunnar Örn Marteinson

Haraldur Þór Jónsson

Lilja Loftsdóttir